

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 169 frá 3. september 1965 og nr. 281 frá 28. desember 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktisdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður stjórn vatnsveitu skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Sætti vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,250% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 600 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 1,90 á hvern m³ vatns. Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun stjórnar vatnsveitunnar.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

Ø 20 — 32 mm	kr.	400,00
Ø 40 mm	—	550,00
Ø 50 mm	—	950,00
Ø 80 mm	—	1 900,00
Ø 100 mm	—	2 800,00

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 176 stig í desember 1984 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 60 21. febrúar 1973 með breytingum 24. janúar 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Njarðvíkurkaupstað,
nr. 120 24. janúar 1980.**

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði,